

Úrskurður 6/2018

A kærði ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á tveimur bifreiðum af gerðinni Opel Vivaro í tollskrárnúmer 8703.3236, sem fólksbíll með skráða skráða koltvísýringslosun á bilinu 161-180 g/km, og beri 35% vörugjald. A krafðist þess að bifreiðarnar tvær yrðu flokkaðar sem sendibifreiðar í tollskrár tollskrárnúmer 8704.2199, og beri 13% vörugjald.

Niðurstaða

Staðfest var ákvörðun Tollstjóra um að flokka beri bifreiðarnar í tollskrárnúmer 8703.3236. Hinsvegar skulu bifreiðirnar bera 13% vörugjald, í samræmi við g-lið 2. tölul. 4. gr. vörugjaldslaga nr. 29/1993. Skal mismunur að fjárhæð kr. X kr. auk vaxta skv. 2. mgr. 125 gr. tolllaga frá 6. apríl 2018, endurgreiddur kæranda.